



**Vélarljós** gefur til kynna að einhver bilun sé í vélinni eða annarstaðar í bifreiðinni. Oft er um smávægilegar bilanir í skynjurum eða einhverju öðru að ræða. Ef ekki er um meiriháttar bilun að ræða þá er oft hægt að halda áfram en hafið samband við umboðsaðilann.



**Stöðuljós** (parkljós).



**Hái ljósgeislinn** er á. (háu ljósinn)



**Þokuljós að aftan eru á, eingöngu má nota þau utanbæjar** (utan þéttbýlis) og þá í slæmu skyggni. Slæmt skyggni er meðal annars skafrenningur, þoka eða öskufall. Slökkva ber á þokuljósum um leið og þessum aðstæðum léttir. Sekt er við notkun þokuljósa innanbæjar.



Þokuljós að aftan er skyldubúnaður en



að framan er valbúnaður.



**Stefnusljós** eða **hættuljós** loga. Hættuljós má nota þegar vara þarf við hættu sem stafar af bifreiðinni eða umhverfinu.



**Eldsneyti er að verða búið.**

Karl Einar Ós



**Afturrúðuhitari**inn er á.



Miðstöðin látin hringsóla loftinu inn í bílnum en ekki tekið ferkst loft að utan. Notað þegar farið er í göng eða ekið í miklu ryki (öskufalli)



**Einhver í bifreiðinni er ekki með beltin spennt.** Beltin eru prófuð með því að kippa snögg í þau.



**Hitastig kælivatnsins er orðið of hátt** og ber að stöðva bifreiðina strax og drepa á vélinni. Athuga skal hvort víftureim sé slitin ef ekki þá gæti verið farinn vatnslás eða eitthvað annað. Ekki er ráðlegt að athuga vatnsmagn eða bæta á vatnskassa fyrr en kælivatnið hefur fengið að kólna. Sé vatnskassinn opnaður heitur má búast við að heitt vatn gjósi upp úr vatnskassanum og brenni einstaklinginn.

( Á nýrri bílum kviknar oft gult ljós áður sem gefur til kynna að bæta þarf á frostlög.)




**Olíuprýstingur er of lágur (vélin smyr sig ekki).** Þegar þetta ljós kviknar skal stöðva vélina **STRAX**. Athuga skal olíumagnið á vélinni. Ef olíumagnið er of lítið/ekkert er oftast nóg að bæta á olíu nema gat sér á olíupönnu eða síu. Ef nóg er af olíu er sennilega biluð olíudæla eða stífluð olíusía. Gera verður við þessa hluti áður en vélin er gangsett að nýju. (Á nýrri bílum kviknar oft gult ljós áður sem gefur til kynna að bæta þarf á olíu)



**Bifreiðin hleður ekki.** (býr ekki til rafmagn) Ef hleðsluljósið kviknar skal stöðva strax, athuga hvort víftureimin sé slitin. Ekki er ráðlegt að láta vélina ganga ef vífturreimin er slitin, þar sem víftureimin snýr bæði rafala og kælivatnsdælu sem sér um að dæla kælivatninu um vélina. Sé víftureimin heil þá er rafallinn að öllum líkindum bilaður. Sé víftureimin slök þá heyrst að jafnaði mikið ískur.



**Handbremsu/bremsuljós.** Ef handbremsu/bremsuljós logar þá er oftast handbremsan á. Fari ljósið ekki af þegar handbremsan er tekin af þá er sennilega eitthvað að bremsukerfinu. Til að ganga úr skugga um hvort eitthvað sé að bremsukerfinu þá er vinstri fótur settur undir bremsupetalann og þrýst á hann með hægri fæti. Nái petalinn ekki fast niður á fótinn þá er í lagi með bremsurnar. **Bremsupetalinn má ekki ganga neðar en 2/3.**





**ABS bremsukerfi (helmalæsisvörn) virkar ekki.** Það þýðir ekki að bremsukerfi bifreiðarinnar sé bilað heldur eingöngu læsisvörnin.



**Loftpúði farþegamegin er virkur.** Þegar loftpúðinn farþegamegin er virkur þá má ekki hafa **BÖRN** sem eru lægri en 150 cm í framsætinu.



**Loftpúði ekki virkur.** Einhver loftpúði bifreiðarinnar er bilaður.



**Vélarhitari** á diesel bílum. Ekki skal setja í gang fyrr en þetta ljós hættir að loga.



**Hráólúsían.** Tappa þarf undan hráólúsíu á dieselfifreiðum.



**Hálkuvörn** á eða af. Hálkuvörn minnkar hættuna á að bifreiðin skriki til í hálku eða bleytu.



**Fjórhjóladrifið** er á.



Karl Einar Óslósson 847-2514

Slöggt er á yfirgirun á sjálfskiptri bifreið. Er sama og fimmti gír á beinskíptum.

### Hvernig skipt er um dekk.

1. Leggja skal bílnum eins langt utan vegar og hægt er. **Tryggja skal öryggi bílsins með því að setja í gír, hættuljós og handbremsuna á. Setja príhyrninginn ca 50 til 100 m frá bílnum, lengra ef aðstæður eru þannig að eitthvað skyggi á bílinn svo sem blindhæð eða beygja.**
2. Takið varadekk, felgulykil og tjakk, setjið hjá sprungna dekkinu.
3. Stilla tjakknum upp á réttan stað (*oft mynd á tjakknum*) og losa rærnar.
4. Tj akka bílinn upp í hæfilega hæð, þar til dekkið er ekki lengur í snertingu við jörð.
5. Losa rærnar og fjarlægja dekkið.
6. Varadekkið sett á og rærnar skrufaðar þéttingsfast á. Passa að loftventill snúi út.
7. Bílnum slakað niður og rærnar hertar að fullu.
8. Allt tekið saman og gengið frá með því að skruva allt fast á sinn stað.
9. Munið að láta gera við dekkið eins fljótt og hægt er. Setjið það strax undir því oft er varadekkið af annarri tegund eða minna slitíð.

<https://www.youtube.com/watch?v=4iPFZINoX0>



Svona myndir eru oftast í eigendahandbókinni (owners manual)

### Mynstur dýpt hjólbarða.

Lágmark 3 mm yfir vetrartímann, frá **1.nóvember til 14. Apríl.** (leyfilegt að nota nagladekk)  
 Lámark 1,6 mmyfir sumartímann, **15. Apríl til 31. Október.** (bannað að nota nagladekk)



↑  
Nagladekk

↑  
Sumardekk

↑  
Slitið Sumardekk



Lítið varadekk (aumingi)  
 Takmarkaður hraði og aksturslengd í KM.



Of mikill þrýstingur



Réttur þrýstingur



Of lítill þrýstingur




Of mikill þrýstingur



Réttur þrýstingur



Of lítill þrýstingur



Inn í hurðarkarmi eru upplýsingar um hvað á að vera mikill þrýstingur í PSI

